

## AUGLÝSING

### um staðfestingu samnings milli Borgarbyggðar og Skorradalshrepps vegna tiltekinna verkefna.

Mennta- og barnamálaráðuneytið, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og innviðaráðuneytið hafa staðfest meðfylgjandi samning milli Borgarbyggðar og Skorradalshrepps með vísan til 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, 4. og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og tekur Borgarbyggð að sér þau verkefni og veitingu þeirrar þjónustu sem kveðið er á um í samningnum, sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 13. júní 2024.*

F. h. r.  
**Anna Tryggvadóttir.**

*Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 13. júní 2024.*

F. h. r.  
**Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.**

*Innviðaráðuneytinu, 13. júní 2024.*

F. h. r.  
**Guðni Geir Einarsson.**

**Fylgiskjal.****SAMNINGUR  
um þjónustu Borgarbyggðar gagnvart íbúum Skorradalshrepps.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.**

## 1. gr.

*Samningsaðilar.*

Borgarbyggð, kt. 510694-2289, og Skorradalshreppur, kt. 600269-0709, gera með sér samning þennan um að Borgarbyggð taki að sér verkefni fyrir Skorradalshrepp.

Borgarbyggð telst vera leiðandi sveitarfélag og tekur að sér framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í A-lið 3. gr. samnings þessa á grundvelli heimildar 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um að sveitarfélög geti samið um að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög. Borgarbyggð tekur einnig að sér að veita íbúum Skorradalshrepps aðgang að þjónustu sem talin eru upp í B-lið 3. gr. en um er að ræða lögheimil eða ólögbundin verkefni.

## 2. gr.

*Markmið samningsins.*

Sveitarfélögin hafa mikla og góða reynslu af samstarfi sín á milli. Með samningi þessum er markmiðið að Borgarbyggð taki að sér tilgreind verkefni sem leiðandi sveitarfélag og sinni þeirri þjónustu fyrir hönd Skorradalshrepps. Einnig að Borgarbyggð veiti íbúum Skorradalshrepps aðgang að tilgreindri lögheimilaðri eða ólögbundinni þjónustu. Við framkvæmd verkefna er falla undir þennan samning skulu íbúar Skorradalshrepps eiga sama rétt til aðgangs og þjónustu og íbúar Borgarbyggðar.

## 3. gr.

*Málaflokkar.*

Skorradalshreppur felur Borgarbyggð að sinna eftirfarandi verkefnum og aðgangi að þjónustu:

- A. Lögskyld verkefni þar sem Borgarbyggð telst vera leiðandi sveitarfélag:
- Málefni grunnskóla, þar á meðal tómstunda- og félagsstarf nemenda sem og frístundaheimili, sbr. 5. gr., 33. gr. og 33. gr. a laga um grunnskóla nr. 91/2008. Þó mun Skorradalshreppur sjá um og bera ábyrgð á skólaakstri fyrir nemendur úr Skorradalshreppi, sbr. 22. gr. laga um grunnskóla.
  - Félagsþjónusta, sbr. 4. og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
  - Barnaverndarþjónusta, sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
  - Málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
  - Málefni brunavarna, sbr. 14. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.
- B. Önnur þjónusta er Borgarbyggð veitir íbúum Skorradalshrepps aðgang að. Borgarbyggð telst ekki vera leiðandi sveitarfélag enda ekki um lögskyld verkefni að ræða.
- Borgarbyggð veitir íbúum Skorradalshrepps aðgang að eftirfarandi þjónustu:
- Leikskóla, sbr. 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
  - Tónlistarskóla, sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
  - Byggðasafni og náttúrugripasafni Safnahúss Borgarfjarðar.
  - Tómstundaakstri úr Grunnskóla Borgarfjarðar í Borgarnes fyrir nemendur skólans.
  - Vinnuskóla Borgarbyggðar.
  - Bókasafni og öðrum söfnum Borgarbyggðar sem nánar er útfært í III. kafla.

Samningurinn felur ekki í sér greiðslu frístundastyrkja en Skorradalshreppur annast greiðslur frístundastyrkja til barna með lögheimili í Skorradalshreppi og annast umsýslu þeirra.

Ekki er unnt að skuldbinda samningsaðila umfram það sem tiltekið er í samningi þessum. Komi til ítarlegri lýsing á hlutverki samningsins eða verkefnum bætt við samninginn verður það aðeins gert með samþykki beggja samningsaðila og staðfestingu viðeigandi ráðuneyta

## 4. gr.

*Valdheimildir.*

Borgarbyggð er leiðandi sveitarfélag og felur það í sér að Skorradalshreppur hefur framselt vald til töku ákvarðana í málaflokkum sem undir hann heyra til Borgarbyggðar. Því liggur endanleg ábyrgð á ákvörðunum hjá sveitarstjórn Borgarbyggðar eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum. Skorradalshreppur skal tryggja að valdframsal til Borgarbyggðar sé í samþykkt um stjórn og fundarskóp eftir því sem við á.

Borgarbyggð hefur heimild til að framselja vald til töku stjórnvaldsákvæðana til nefnda eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykkt Borgarbyggðar um stjórn og fundarskóp í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda. Borgarbyggð tilkynnir Skorradalshreppi um slíkt valdframsal.

Borgarbyggð ber fjárhagslega ábyrgð á verkefnum sem undir samninginn falla og tekur því ákvarðanir um útgjöld. Aðkoma Skorradalshrepps að fjárhagslegum þáttum samningsins er tryggð í samræmi við X. kafla samnings þessa.

## II. KAFLI

**Grunnskólamál.**

## 5. gr.

*Verkefni á sviði grunnskólamála.*

Borgarbyggð tekur að sér að sjá um lögbundnar skyldur Skorradalshrepps í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008, þ. á m. að annast menntun grunnskólanemenda sem eiga lögheimili í Skorradalshreppi, veitingu lögbundinnar skólaþjónustu sem og aðgang að tómtunda- og félagsstarfi nemenda og frístundaheimili. Við veitingu þjónustunnar verður farið eftir lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og skólustefnu Borgarbyggðar.

Fjölskyldusvið Borgarbyggðar fer með framkvæmd verkefnisins í samvinnu við fræðslunefnd Borgarbyggðar. Reglur Borgarbyggðar og eftir atvikum ákvarðanir fræðslunefndar, sem hlotið hafa staðfestingu sveitarstjórnar, gilda um afgreiðslu erinda frá íbúum Skorradalshrepps.

## 6. gr.

*Gjald vegna grunnskólaþjónustu.*

Reiknaður skal kostnaður við rekstur þess grunnskóla sem börn frá Skorradalshreppi stunda, hvort sem þau eru í Grunnskóla Borgarfjarðar eða Grunnskóla Borgarness. Kostnaður telst vera allur rekstrarkostnaður viðkomandi grunnskóla að frádrögnum sértekjum, s.s. samkvæmt gjaldskrá grunnskóla sveitarfélagsins. Kostnaði við rekstur skal skipt milli sveitarfélaganna á almanaksárinu, eftir nemendafjölda á hvoru skólaári fyrir sig, þ.e. janúar til júlí annars vegar og ágúst til desember hins vegar. Ofangreindur kostnaður sem miðar við gildandi fjárhagsáætlun og viðauka sé um það að ræða skal innheimtur mánaðarlega fyrir viðkomandi grunnskóla. Í febrúar á ári hverju fer fram uppgjör á raunkostnaði grunnskóla eftir almanaksárið og innheimt með reikningi sem sendur er út 1. mars.

Almenn sérkennsla (0,25) er innifalin í framangreindu gagngjaldi. Almenn sérfræðiþjónusta, s.s. skímanir og frekari námshæfnis- og þroskagreiningar, sem starfsmenn sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar vinna, greiðist af Skorradalshreppi. Einnig öll frekari þjónusta vegna fötlunar nemenda eða alvarlegri þroskaskerðingar sem ekki fellur undir kostnað sem Skorradalshreppi ber að greiða vegna ákvæða um félagsþjónustu, sem og kostnaður vegna sérkennslu og stuðnings við nemendur sem hafa sérþarfir umfram aðra nemendur varðandi sérkennslu og þjónustu í grunnskólanum og gjaldfærast ekki á grunnskólann. Sé þörf á aukamönnun vegna nemenda þarf að semja um kostnað vegna þess sérstaklega milli sveitarfélaganna. Sé þörf á sambærilegri aukamönnun vegna barns sem ekki á lögheimili í Skorradalshreppi er sá kostnaður dreginn frá rekstrarkostnaði skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Gjald vegna tómtunda- og félagsstarfs nemenda sem og frístundaheimilis er innifalið í úmsýslugjaldi, sbr. 31. gr. þessa samnings.

## III. KAFLI

**Safnamál.**

## 7. gr.

*Verkefni á sviði safnamála.*

Borgarbyggð tekur að sér að veita íbúum Skorradalshrepps aðgang að bókasafni, byggðasafni og náttúrugripasafni Safnahúss Borgarfjarðar. Reglur og gjaldskrá Borgarbyggðar, og eftir atvikum ákvarðanir fræðslunefndar, sem hlotið hafa staðfestingu sveitarstjórnar, gilda um afgreiðslu erinda frá íbúum Skorradalshrepps.

## 8. gr.

*Gjald vegna safnamála.*

Skorradalshreppur greiðir Borgarbyggð árlega gjald 305.615 kr. m.v. vísitölu neysluverðs sem er 597,8 stig í ágúst 2023 og fylgir síðan breytingum í samræmi við hana.

Ofangreint gjald greiðist í einni greiðslu 1. ágúst ár hvert.

## IV. KAFLI

**Félagsþjónusta, málefni fatlaðs fólks og barnaverndarþjónusta.**

## 9. gr.

*Verkefni á sviði félagsþjónustu.*

Borgarbyggð tekur að sér að sjá um lögbundnar skyldur Skorradalshrepps í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þar á meðal að vinna, fyrir hönd Skorradalshrepps, eftirfarandi verkefni á grundvelli laga um félagsþjónustu:

- a. félagslega ráðgjöf,
- b. fjárhagsaðstoð,
- c. stuðningsþjónusta,
- d. gæta velferðar og hagsmuna barna og ungmenna,
- e. þjónusta við aldrað fólk,
- f. þjónusta við fatlað fólk,
- g. þjónusta tengda húsnæðismálum,
- h. þjónusta tengda vímuvernum og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda.

Reglur og gjaldskrá Borgarbyggðar, og eftir atvikum ákvarðanir velferðarnefndar, sem hlotið hafa staðfestingu sveitarstjórnar, gilda um afgreiðslu erinda frá íbúum Skorradalshrepps.

Umsóknir um húsnæðisbætur, sbr. lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016, falla ekki undir samning þennan og annast Skorradalshreppur þá þjónustu fyrir sína íbúa.

## 10. gr.

*Verkefni á sviði málefna fatlaðs fólks.*

Borgarbyggð tekur að sér að sjá um lögbundnar skyldur Skorradalshrepps í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Þar á meðal að vinna, fyrir hönd Skorradalshrepps, eftirfarandi verkefni á grundvelli laganna:

- a. Gerð samninga við sjálfseignarstofnanir eða aðra einkaaðila um þjónustu, sbr. 6. gr.
- b. Stoðþjónustu sem er nauðsynleg þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu, sbr. 8. gr. og 9. gr.
- c. Gerð notendasamninga, sbr. 10. gr.
- d. Gerð samninga um framkvæmd þjónustu um notendastýrða persónulega aðstoð, sbr. 11. gr.
- e. Hafa forystu í þverfaglegu þjónustuteymi um útfærslu þjónustu, sbr. 12. gr.
- f. Gerð samnings um stuðningsfjölskyldur, sbr. 15. gr.
- g. Fristundaþjónustu fatlaðra barna og ungmenna, sbr. 16. gr.
- h. Skammtímadvöl, sbr. 17. gr.
- i. Sumardvöl, sbr. 18. gr.
- j. Tilnefningu málstjóra, sbr. 20. gr., sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- k. Vinnustaði fyrir verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk þar sem því stendur til boða þroska-, iðju- og starfsþjálfun, sbr. 24. gr.
- l. Veitingu styrkja eða fyrirgreiðslna vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar, sbr. 25. gr.

Reglur og gjaldskrá Borgarbyggðar, og eftir atvikum ákvarðanir velferðarnefndar, sem hlotið hafa staðfestingu sveitarstjórnar, gilda um afgreiðslu erinda frá íbúum Skorradalshrepps.

## 11. gr.

*Sjálfstæði barnaverndarþjónustu.*

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er sveitarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. másl. 2. mgr. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er sveitarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu eða taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

## 12. gr.

*Verkefni á sviði barnaverndarþjónustu.*

Verkefni barnaverndarþjónustu skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 eru:

- a. að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögnum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.,
- b. ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.,
- c. gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- d. að taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- e. að veita aðstoð, sbr. a-e-lið 1. mgr. 24. gr.,
- f. að taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í fóstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.,
- g. að taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leita annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.,
- h. að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e-lið 1. mgr. 26. gr.,
- i. að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr.,
- j. að gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.,
- k. úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.,
- l. að gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.,
- m. neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.,
- n. skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.,
- o. áætlun um tryggja umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.,
- p. að senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.,
- q. að taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.,
- r. að taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla,
- s. ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.,
- t. að fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir,
- u. gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XIII. kafla,
- v. ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 75. gr.,
- w. að gera tillögur um umgengni barns í fóstri eða vistun við kynforeldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.,
- x. að hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, sbr. a- og b-lið 84. gr.,
- y. að hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.,
- z. sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.,
- aa. tilnefning málstjóra, sbr. 20. gr., sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Auk þess veitir barnaverndarþjónustan umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

## 13. gr.

*Velferðarnefnd Borgarbyggðar.*

Velferðarnefnd Borgarbyggðar fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu fyrir Skorradalshrepp skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Velferðarnefnd Borgarbyggðar markar stefnu og gerir framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar á öllu þjónustusvæðinu skv. 9. gr. barnaverndarlaga og sendir hreppsnefnd Skorradalshrepps til staðfestingar.

## 14. gr.

*Fjárhagslegt uppgjör í félagsþjónustu, þjónustu við fatlað fólk og barnaverndarþjónustu.*

Skorradalshreppur greiðir allan útlagðan kostnað vegna þjónustu við íbúa Skorradalshrepps umfram það sem um getur í þessari grein. Skorradalshreppur greiðir fasta fjárhæð, 188.000 kr. á mánuði fyrir þjónustuna. Fari umfang þjónustu að meðaltali yfir 12 vinnustundir á mánuði innan ársins, eða samtals 144 klst. yfir árið skal samið sérstaklega um það milli aðila. Þá greiðir Skorradalshreppur aksturskostnað starfsfólks Borgarbyggðar vegna þjónustu við íbúa Skorradalshrepps. Fjárhæðir í samningi þessum fylgja breytingum neysluverðs vísitölu sem er 597,8 stig við upphaf gildistíma samningsins þ.e. ágúst 2023. Jafnframt fara allar greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna Skorradalshrepps varðandi málefni fatlaðs fólks til Borgarbyggðar. Auk þess greiðir Skorradalshreppur, varðandi málefni fatlaðs fólks, 0,25% af útsvarsstofni Skorradalshrepps til Borgarbyggðar með mánaðarlegum greiðslum sem byggja á ætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um þróun útsvars einstakra sveitarfélaga.

Borgarbyggð ber allan kostnað vegna þjónustu sem undir þennan kafla heyrir og veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, barnaverndarlög og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

Þegar starfsfólk félagsþjónustu samþykkir beiðni íbúa með lögheimili í Skorradalshreppi um fjárhagsaðstoð skal það tilkynnt til Skorradalshrepps innan 30 daga. Borgarbyggð sér um greiðslu til viðkomandi einstaklings og sendir svo reikning á Skorradalshrepp fyrir kostnaði.

Fast gjald skal innheimt mánaðarlega, en viðbótarkostnaður innheimtur jafnóðum og til hans er stofnað, þó þannig að það sé ekki gert oftár en mánaðarlega.

## V. KAFLI

**Brunamál.**

## 15. gr.

*Verkefni á sviði brunamála.*

Borgarbyggð tekur að sér að sjá um lögbundnar skyldur Skorradalshrepps í samræmi við lög um brunavarnir. Slökkvilið Borgarbyggðar annast framkvæmd verkefna á sviði brunamála í samráði við sveitarstjórn og viðeigandi fagnefndir. Slökkvilið Borgarbyggðar tekur meðal annars að sér að vinna, fyrir hönd Skorradalshrepps, eftirfarandi verkefni á grundvelli laganna:

- bregðast við útköllum vegna eldsvoða í Skorradalshreppi hvort sem er um að ræða eldsvoða í mannvirkjum eða gróðurelda,
- annast eldvarnareftirlit í því húsnæði, þeim lóðum og þeirri starfsemi í Skorradalshreppi sem fellur undir 19. gr. reglugerðar nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit,
- bregðast við útköllum innan Skorradalshrepps vegna umferðarslysa og mengunarslysa, sem teljast vera á verksviði slökkviliða, á sama hátt og gert er innan Borgarbyggðar.

Reglur og gjaldskrá Borgarbyggðar gilda um afgreiðslu erinda frá íbúum Skorradalshrepps.

Skorradalshreppur ber ábyrgð á þeim skipulagsmálum sem tengjast brunavörnum í Skorradal sérstaklega svo og öðrum forvarnaraðgerðum sem sveitarfélagið ber ábyrgð á og tengjast gróðureldum innan marka þess. Skorradalshreppur skuldbindur sig til þess að leita allra mögulegra leiða til þess að tryggja öryggi komi til eldsvoða og hafa samráð við Slökkvilið Borgarbyggðar við alla skipulagsvinnu.

Skorradalshreppur annast samskipti við Slökkvilið Borgarbyggðar og þar til bæra aðila, s.s. landeigendur, varðandi skipulagningu og uppbyggingu á flóttaleiðum úr sveitarfélaginu vegna gróðurelda.

Þegar samin er ný brunavarnaáætlun fyrir starfssvæði Slökkviliðs Borgarbyggðar skal hún send til hreppsnefndar Skorradalshrepps til samþykktar fyrir sitt leyti.

## 16. gr.

*Gjald vegna brunavarna.*

Kostnaði vegna brunavarna verður skipt eftir fasteignamati í hvoru sveitarfélagi fyrir sig samkvæmt fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar næstliðins árs. Í þeim kostnaði felst allur kostnaður við rekstur slökkviliðsins, þ.m.t. laun og launatengd gjöld, endurmenntun og þjálfun slökkviliðsmanna, annar rekstrarkostnaður sem almennt fellur undir rekstur brunavarna hjá sveitarfélögum, kaup og endurnýjun minni búnaðar slökkviliðsins svo og innri leiga húsnæðis eða leiga, vegna starfsemi slökkviliðsins að frádregnum greiðslum frá Eyja- og Miklaholtshreppi vegna brunavarna í sveitarfélaginu og öðrum sértekjum.

Fyrir liggur að Borgarbyggð er með sambærilegan samning um brunavarnir við Eyja- og Miklaholtshrepp þar sem kostnaði við brunavarnir er skipt á milli þessara þriggja sveitarfélaga á grundvelli fasteignamats í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Greiðsla vegna brunavarna fer fram mánaðarlega á grundvelli gildandi fjárhagsáætlunar og viðauka sé um það að ræða um rekstur Slökkviliðs Borgarbyggðar. Uppgjör skal fara fram við lok árs og gefinn út lokareikningur 1. mars sem byggir á raunverulegum útgjöldum Slökkviliðs Borgarbyggðar á fyrra ári.

## 17. gr.

*Sérstakt gjald vegna gróðurelda.*

Skapist þær aðstæður í Skorradalshreppi að þar þurfi að takast á við gróðurelda um langan tíma, þá fellur umframkostnaður vegna starfa Slökkviliðs Borgarbyggðar við þær aðstæður ekki undir greiðslur Skorradalshrepps við hefðbundin slökkvistörf samkvæmt samningi þessum. Skorradalshreppur skal greiða fyrir þann kostnað sérstaklega. Komi til þess að Slökkvilið Borgarbyggðar starfi á vettvangi við slökkvistörf í sveitarfélögunum lengur en hálfan sólarhring frá útkalli, þá mun viðkomandi sveitarfélag greiða sértaklega fyrir þann raunkostnað sem fellur á Slökkvilið Borgarbyggðar vegna slökkvistarfa umfram hálfan sólarhring. Borgarbyggð sinnir sömu þjónustu gagnvart Eyja- og Miklaholtshreppi og greiðir það sveitarfélag með sama hætti fyrir þjónustu slökkviliðs skv. 15. gr. þessa samnings. Skapist sömu aðstæður í Borgarbyggð, en ekki Skorradalshreppi, skal kostnaður vegna þess verkefnis falla undir sértækar aðgerðir og ekki vera reiknaður með í hefðbundinn rekstur Slökkviliðs Borgarbyggðar. Skapist slíkar aðstæður í Eyja- og Miklaholtshreppi en ekki í Skorradalshreppi ábyrgist Borgarbyggð að kostnaður vegna slíkra bakvakta/aukavakta verði ekki reiknaður með í hefðbundinn rekstur Slökkviliðs Borgarbyggðar.

## 18. gr.

*Bakvaktir/aukavaktir vegna gróðurelda.*

Skapist þær aðstæður að lýst verði yfir óvissuástandi af hálfu almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna sérstakrar hættu á gróðureldum í Skorradalshreppi og talið sé nauðsynlegt að setja á bakvaktir/aukavaktir hjá Slökkviliði Borgarbyggðar í framhaldi af því að mati slökkviliðsstjóra Borgarbyggðar og/eða almannavarna, þá telst kostnaður við fyrstu bakvakt/aukavakt sem almennur rekstrarkostnaður Slökkviliðs Borgarbyggðar. Kostnað við aðrar vaktir greiðir Skorradalshreppur. Haft skal samráð við oddvita Skorradalshrepps við undirbúning og skipulagningu slíkra bakvakta/aukavakta. Skapist sömu aðstæður í Borgarbyggð, en ekki Skorradalshreppi, skal kostnaður vegna þess verkefnis falla undir sértækar aðgerðir og ekki vera reiknaður með í hefðbundinn rekstur Slökkviliðs Borgarbyggðar. Skapist slíkar aðstæður í Eyja- og Miklaholtshreppi en ekki í Skorradalshreppi ábyrgist Borgarbyggð að kostnaður vegna slíkra bakvakta/aukavakta verði ekki reiknaður með í hefðbundinn rekstur Slökkviliðs Borgarbyggðar.

## 19. gr.

*Nýting stórvirkra vinnuvéla við slökkvistörf.*

Skapist þær aðstæður í Skorradalshreppi að kalla þurfi til stórvirkar vinnuvélar með tilheyrandi starfsmönnum til að vinna við slökkvistörf eða aðgerðir þeim tengdum vegna gróðurelda í Skorradalshreppi þá greiðir Skorradalshreppur kostnað vegna þessa. Slökkviliðsstjóri tekur ákvörðun um hvort slíkt sé nauðsynlegt og upplýsir Skorradalshrepp um slíka ákvörðun og hefur samráð við sveitarfélagið sé þess kostur. Skapist sömu aðstæður í Borgarbyggð, en ekki í Skorradalshreppi, skal kostnaður vegna þess verkefnis falla undir sértækar aðgerðir og ekki vera reiknaður með í hefðbundinn rekstur slökkviliðs Borgarbyggðar. Skapist slíkar aðstæður í Eyja- og Miklaholtshreppi en ekki í Skorradal ábyrgist Borgarbyggð að kostnaður vegna slíkra tækja verði ekki reiknaður með í hefðbundinn rekstur Slökkviliðs Borgarbyggðar.

## 20. gr.

*Slökkvibifreiðin VE-950.*

Slökkvibifreiðin VE-950, sem er í eigu Skorradalshrepps, verður í umsjá Slökkviliðs Borgarbyggðar sem jafnframt sér um rekstur bifreiðarinnar. Hún er hluti af tækjabúnaði Slökkviliðs Borgarbyggðar. Viðhald og rekstur VE-950 skal falla undir sömu kröfur og rekstur annarra slökkvibifreiða í eigu Slökkviliðs Borgarbyggðar.

## VI. KAFLI

**Önnur verkefni.**

## 21. gr.

*Önnur verkefni.*

Borgarbyggð tekur einnig að sér að veita íbúum Skorradalshrepps aðgang að eftirfarandi þjónustu:

- Leikskóli:* Borgarbyggð tekur að sér að sjá um skyldur Skorradalshrepps í leikskólamálu, þ. á m. vistun nemenda með lögheimili í Skorradalshreppi í leikskólanum Andabæ á Hvanneyri. Við veitingu þjónustunnar verður farið eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008, aðalnámskrá leikskóla, skólustefnu Borgarbyggðar og verklagsreglum fyrir starfsemi leikskóla Borgarbyggðar.
- Tónlistarskóli Borgarbyggðar:* Borgarbyggð tekur að sér að annast menntun tónlistarskólana nema með lögheimili í Skorradalshreppi til jafns við tónlistarskólana nema með lögheimili í Borgarbyggð.
- Vinnuskóli Borgarbyggðar:* Unglingar í Skorradalshreppi fá aðgang að Vinnuskóla Borgarbyggðar.
- Tómstundaakstur Borgarbyggðar:* Borgarbyggð tekur að sér að annast tómstundaakstur frá Grunnskóla Borgarfjarðar til Borgarness fyrir nemendur með lögheimili í Skorradalshreppi til jafns við nemendur með lögheimili í Borgarbyggð.

Fjölskyldusvið Borgarbyggðar fer með framkvæmd verkefna a-d-liða í samvinnu við fræðslunefnd Borgarbyggðar. Reglur Borgarbyggðar og eftir atvikum ákvarðanir fræðslunefndar, sem hlotið hafa staðfestingu sveitarstjórnar, gilda um afgreiðslu erinda frá íbúum Skorradalshrepps.

## 22. gr.

*Gjald vegna leikskólaþjónustu.*

Reiknaður skal kostnaður við rekstur leikskólans Andabæjar sem telst vera allur rekstrarkostnaður leikskólans að frádregnum sértekjum, s.s. samkvæmt gjaldskrá leikskóla Borgarbyggðar. Ofangreindur kostnaður skal innheimtur mánaðarlega sem miðar við gildandi fjárhagsáætlun og viðauka sé um það að ræða fyrir leikskólann Andabæ. Í febrúar á ári hverju fer fram uppgjör eftir almanaksárið á raunkostnaði leikskóla Andabæjar og innheimt með reikningi sem stendur er út 1. mars.

Almenn sérfræðiþjónusta, s.s. skimanir og frekari námshæfnis- og þroskagreiningar sem starfsmenn sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar vinna greiðist af Skorradalshreppi. Einnig öll frekari þjónusta vegna fötlunar nemenda eða alvarlegri þroskakerðingar sem ekki fellur undir kostnað sem Skorradalshreppi ber að greiða vegna ákvæða um félagsþjónustu, sem og kostnaður vegna sérkennslu og stuðnings við nemendur sem hafa sérþarfir umfram aðra nemendur varðandi sérkennslu og þjónustu í



leikskólanum og gjaldfærisk ekki á leikskólann. Sé þörf á aukamönnun vegna nemenda þarf að semja um kostnað vegna þess sérstaklega milli sveitarfélaganna. Sé þörf á sambærilegri aukamönnun vegna barns sem ekki á lögheimili í Skorradalshreppi er sá kostnaður dreginn frá rekstrarkostnaði skv. 1. mgr. þessarar greinar.

## 23. gr.

*Gjald vegna tónlistarskóla.*

Skorradalshreppur greiðir fyrir þjónustuna hlutfall af kostnaði við rekstur Tónlistarskólans samkvæmt eftirfarandi skiptingu:

65% af kostnaðinum skiptist eftir hlutfalli við kennslustundir nemenda úr hvoru sveitarfélagi.

35% af kostnaðinum skiptist eftir íbúafjölda hvors sveitarfélags í lok reikningsárs.

Innifalið er allur kostnaður við rekstur tónlistarskólans, þ.m.t. laun og launatengd gjöld, leiga fastafjármuna og annar rekstrarkostnaður sem almennt fellur undir rekstur tónlistarskólans.

Frá framangreindum kostnaði dragast sértekjur sem rekja má til rekstur skólans.

Ofangreindur kostnaður skal innheimtur mánaðarlega sem miðar við gildandi fjárhagsáætlun með viðaukum sé um það að ræða fyrir Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Í febrúar á ári hverju fer fram uppgjör eftir almanaksárið á raunkostnaði tónlistarskóla og innheimt með reikningi sem stendur er út 1. mars.

Skorradalshreppur og Borgarbyggð skulu greiða hvort fyrir sig allan kostnað vegna nemenda sem hafa sérþarfir umfram aðra nemendur varðandi kennslu og aðra þjónustu í tónlistarskólanum komi til kostnaðarauka vegna þeirra. Samið skal sérstaklega um þann kostnað áður en viðkomandi nemandi hefur nám við skólann og reiknast hann ekki með heildarkostnaði við skólann sem skipt er á milli sveitarfélaganna.

## 24. gr.

*Gjald vegna vinnuskóla.*

Aðgangur unglunga í Skorradalshreppi að vinnuskóla Borgarbyggðar er innifalinn í umsýslugjaldi, sbr. 31. gr., en Skorradalshreppur endurgreiðir Borgarbyggð launakostnað vegna unglunganna. Áður en vinnuskóli Borgarbyggðar tekur til starfa árlega tilkynnir Borgarbyggð Skorradalshreppi um fjölda unglunga með lögheimili í Skorradalshreppi, sem taka þátt í vinnuskólanum og hver áætlaður kostnaður er vegna þeirra.

## 25. gr.

*Gjald vegna tómsundaaksturs.*

Aðgangur barna og unglunga í Skorradalshreppi að tómsundaakstri er innifalinn í umsýslugjaldi, sbr. 31. gr.

## VII. KAFLI

**Starfsfólk.**

## 26. gr.

*Starfsfólk.*

Borgarbyggð skal tryggja að til staðar sé starfsfólk til að sinna þeirri þjónustu er samningurinn kveður á um. Borgarbyggð ræður starfsfólk og veitir þeim lausn frá störfum í samræmi við gildandi samþykkt um stjórn Borgarbyggðar.

Borgarbyggð skal að lágmarki ráða:

stjórnanda sem ber ábyrgð á barnaverndarþjónustu og

a.m.k. tvö stöðugildi sérhæfðs starfsfólks í barnavernd, stjórnandi getur talist annar af þessum tveimur stöðugildum.

Jafnframt skal barnaverndarþjónustan hafa aðgang að félagsráðgjafa, starfsmanni með annars konar uppeldismenntun, þjónustu sálfræðings, lögfræðings og eftir atvikum öðrum sérfræðingum. Borgarbyggð ber ábyrgð á gerð ráðningar-, verktaka- eða þjónustusamnings við þjónustuaðila. Heimilt er að gera samninga við aðildarsveitarfélög eða einkaaðila um þá þjónustu.

Borgarbyggð er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustu og verkefna sem falla undir samning þennan, svo sem um sálfræðiþjónustu, lögfræðiþjónustu og aðra sérhæfða

þjónustu, og ber að ganga úr skugga um að viðkomandi aðili uppfylli lögskyld skilyrði til þeirrar starfsemi, s.s. rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Þeir starfsmenn Borgarbyggðar sem vinna að þeim verkefnum sem heyra undir samning þennan skulu vinna þau í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem og önnur lög er eiga við um viðkomandi málaflokk og framkvæmd verkefna sveitarfélaga.

## VIII. KAFLI

### Samráð og aðkoma Skorradalshrepps.

27. gr.

#### *Samráð og stefnumarkandi ákvarðanir.*

Borgarbyggð skal boða til samráðsfundar með fulltrúum Skorradalshrepps áður en stefnumarkandi ákvarðanir koma til staðfestingar í sveitarstjórn Borgarbyggðar. Um er að ræða ákvarðanir eða ráðstafanir sem vænta má að breyti forsendum rekstrar viðkomandi verkefnis samkvæmt samningi þessum, að svo miklu leyti að breytingar hafi veruleg áhrif á þjónustu Borgarbyggðar við íbúa Skorradalshrepps eða kostnað Skorradalshrepps.

Tvisvar á ári skulu haldnir samráðsfundir með fulltrúum Skorradalshrepps og byggðarráði eða embættismönnum Borgarbyggðar, eftir atvikum, um efni og framkvæmd samningsins óski annar hvor aðili eftir slíkum fundi.

Borgarbyggð tekur fyrir á samráðsfundum nýjar og uppfærðar stefnur sveitarfélagsins er snerta málaflokka þessa samnings.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein mega þó ekki varða verulega fjármál aðildarsveitarfélaganna, enda geta viðkomandi sveitarstjórnir eingöngu tekið slíkar ákvarðanir, skv. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga.

Jafnframt hefur Skorradalshreppur heimild til þess að fá sviðsstjóra fjölskyldusviðs til fundar við hreppsnefnd tvisvar sinnum á ári til þess að ræða skólamál og önnur þau mál er heyra undir fjölskyldusvið. Dagskrá fræðslunefndarfunda Borgarbyggðar skal send skrifstofu Skorradalshrepps.

Forstöðumaður Safnahúss eða starfsmaður sem sveitarstjóri felur verkið skal, sé þess óskað af oddvita Skorradalshrepps, taka þátt í fundum á vegum hreppsnefndar eða annarra aðila til þess að kynna safnamál í Skorradal.

Fulltrúi Slökkviliðs Borgarbyggðar skal, sé þess óskað af oddvita Skorradalshrepps, taka þátt í fundum á vegum hreppsnefndar Skorradalshrepps eða annarra tengdra aðila þar sem fjallað er um brunavarnir í Skorradal. Miða skal við að slíkir fundir séu alla jafna ekki oftari en tvisvar á ári, nema brýn þörf krefji.

28. gr.

#### *Upplýsingagjöf.*

Fulltrúar í hreppsnefnd Skorradalshrepps eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um verkefni sem falla undir samning þennan hjá Borgarbyggð og sveitarstjórnarfulltrúar Borgarbyggðar skv. 28. og 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

Borgarbyggð ber ábyrgð á miðlun upplýsinga og gagna til annarra samstarfsaðila skv. 8. tölul. 4. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga og á grundvelli annarra sérлага.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps getur óskað eftir ítarlegri upplýsingum og skýrslum ef tilefni er til þess en skal þó gæta þess að slíkar beiðnir íþyngi ekki stjórnsýslu Borgarbyggðar um of.

Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um upplýsingarétt sveitarstjórnarfólks, lög um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og önnur lög sem gilda um viðkomandi málaflokka.

## IX. KAFLI

### Fjármál og eignarhald.

29. gr.

#### *Fjárhagsáætlun.*

Borgarbyggð ber ábyrgð á því að áætla hver kostnaður er vegna þeirra þjónustupátta sem samningur þessi tekur til.

Skorradalshreppur hefur heimild til að fá afrit af fyrstu drögum og uppfærðum drögum þegar þau liggja fyrir að fjárhagsáætlun þeirra deilda Borgarbyggðar sem tengjast veitingu þjónustu gagnvart Skorradalshreppi. Komi til þess að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sem varðar þær deildir sem veita Skorradalshreppi þjónustu tilkynnir Borgarbyggð það til Skorradalshrepps. Borgarbyggð sendir endanlega útgáfu af fjárhagsáætlun til Skorradalshrepps að lokinni samþykkt við síðari umræðu. Að lokinni samþykkt sveitarstjórnar Borgarbyggðar getur Skorradalshreppur fengið afhent afrit af fjárhagsáætlun viðkomandi deilda.

Borgarbyggð ber ekki ábyrgð á því að áætla kostnað vegna samninga eða að tilkynna um útgjöld fyrir fram, umfram það sem leiðir af samningi þessum og þeim reiknireglum sem í þeim eru.

30. gr.

*Ársuppgjör.*

Borgarbyggð ber ábyrgð á að útbúa ársuppgjör fyrir þjónustu sem fellur undir samning þennan sem sent er Skorradalshreppi til upplýsinga. Ársuppgjörið skal taka mið af lögum og reglum um bókhald og fjármál sveitarfélaga.

Að öðru leyti er það Borgarbyggð sem sér um reikningsskil vegna þjónustunnar og er hún hluti af ársreikningi sveitarfélagsins sem lagður er fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu í samræmi við VII. kafla sveitarstjórnarlaga.

Skorradalshreppur gerir grein fyrir kostnaði vegna þjónustunnar sem og rekstri sinna þjónustusvæða í samræmi við lög og reglur um bókhald og fjármál sveitarfélaga.

31. gr.

*Fjárhagslegt uppgjör – almennt umsýslugjald.*

Skorradalshreppur greiðir 1.830.000 kr. á ári vegna umsýslu Borgarbyggðar en innifalið í því er umsýsla, aðgangur að tómstunda- og félagsstarfi nemenda, frístundaheimili og tómstundaakstur. Fjárhæðin tekur breytingum skv. vísitölu neysluverðs sem er 597,8 stig við upphaf gildistíma samningsins (ágúst 2023).

Greiðslur skulu inntar af hendi mánaðarlega, fyrir fram, fyrir hvern mánuð.

32. gr.

*Innheimta þjónustugjalda.*

Skorradalshreppur ber ábyrgð á öllum kröfum vegna þjónustugjalda samkvæmt samningi þessum sem ekki innheimtast hjá íbúum Skorradalshrepps og endurgreiðir Borgarbyggð séu vanskil hjá þeim búin að vera í þrjá mánuði. Jafnframt ber Skorradalshreppur ábyrgð á innheimtukostnaði sem ekki innheimtist hjá íbúum Skorradalshrepps.

33. gr.

*Eignarhald á mannvirkjum, rekstrartækjum og öðrum verðmætum, ef við á.*

Mannvirki, rekstrartæki og önnur verðmæti í eigu sveitarfélaganna verða það áfram eftir gildistöku samningsins. Komi til nýrra framkvæmda á samningstímanum munu samningsaðilar komast að samkomulagi um eignarhald þeirra, hlutdeild og kostnaðarskiptingu.

Kaup á búnaði sem nýttur er við að veita þjónustu samkvæmt samningi þessum telst eign þess aðila sem greiddi.

34. gr.

*Samningar við einkaaðila.*

Borgarbyggð er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustu og verkefna sem falla undir samning þennan, svo sem um sálfræðiþjónustu, lögfræðiþjónustu og aðra sérhæfða þjónustu, og ber að ganga úr skugga um að viðkomandi aðili uppfylli lögskyld skilyrði til þeirrar starfsemi, s.s. rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Komi til þess að rekstri leik- og/eða grunnskóla sé útvistað til einkaaðila skal slíkt tilkynnt Skorradalshreppi með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

X. KAFLI  
**Gildistaka og uppsögn.**

35. gr.

*Gildistaka og gildistími.*

Samningur þessi tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum að fenginni staðfestingu sveitarstjórnar Borgarbyggðar og hreppsnefndar Skorradalshrepps auk mennta- og barnamálaráðuneytisins, félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og innviðaráðuneytisins

Samningur þessi gildir til 1. janúar 2026. Samningurinn framlengist um tvö ár í senn ef samningnum er ekki sagt upp, sbr. uppsagnarákvæði hér að neðan.

Þessi samningur kemur í stað fyrri samninga um þjónustu Borgarbyggðar við Skorradalshrepp um sömu verkefni.

36. gr.

*Breytingar og uppsögn samnings.*

Tillögur um breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu koma til umræðu á samráðsfundi sveitarfélaganna, sbr. 26. gr. samningsins.

Sameinist Skorradalshreppur við Borgarbyggð fellur samningurinn úr gildi við gildistöku sameiningar sveitarfélaganna. Sameinist Skorradalshreppur við annað sveitarfélag fellur samningurinn úr gildi með sex mánaða uppsagnarfresti frá því sameining er samþykkt í íbúakosningu, nema aðilar samningsins semji um önnur tímamörk.

Ákveði Borgarbyggð eða Skorradalshreppur að segja upp samningi þessum, skal sú ákvörðun tilkynnt gagnaðila skriflega.

Borgarbyggð og Skorradalshreppur skulu leitast við að komast að samkomulagi um gildistöku uppsagnar, en uppsagnarfrestur skal að jafnaði ekki vera styttri en sex mánuðir að telja frá næstu mánaðamótum eftir að tilkynning um uppsögn berst. Ef bæði aðildarsveitarfélögin eru um það sammála er heimilt að slíta samstarfi á skemmri tíma en sex mánuðum.

37. gr.

*Ágreiningur.*

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal honum vísað til héraðsdóms Vesturlands, náist ekki samkomulag milli aðila.